

Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

**Umhverfisstofnun**  
Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

© (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 30. apríl 2008  
Tilvísun: UST20080300145/bs

### Tillaga að matsáætlun mislægra vegamóta Hringvegar við Leirvogstungu/Tungumela í Mosfellsbæ

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 28. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að mislægu gatnamótin verða byggð yfir einfaldan Hringveg, en bergskeringar og lengd brúa miðast við að tvöföldun vegarins rúmist undir brú þegar og ef Hrinvegur verður tvöfaldar. Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir hvort fyrirhuguð lega Hringvegar um Leirvogstungu og gerð mislægra gatnamóta hafi einhver áhrif á möguleg brúarstæði á Leirvogsá annars vegar og Köldukvísl hins vegar í framtíðinni miðað við tvöföldun vegarins. Stofnunin telur mikilvægt að þessi atriði verði skoðuð strax í stærra samhengi til að tryggt verði að dregið verði sem mest úr neikvæðum áhrifum á árnar. Benda má á að óbyggt land er enn ofan við veginn og því enn hægt um vik með aðrar útfærslur ef með þarf.


Umhverfisstofnun vekur enn fremur athygli á að þar sem bergskeringar verða miðaðar við tvöföldun vegarins má gera ráð fyrir að mikill og hár veggur myndist meðfram veginum, en löng og samfelld bergskering getur verið mjög til lýta í landinu og valdið neikvæðum sjónrænum áhrifum í borgarumhverfi. Stofnunin telur að gera eigi grein fyrir sjónrænum áhrifum þessa og hvort aðrar útfærslur eru mögulegar.

Í kafla 4.4 Hljóðvist kemur fram að lagðir verða fram fyrirliggjandi hljóðvistarútreikningar sem gerðir hafa verið og verða niðurstöður settar fram með þegar fyrirliggjandi hljóðkortum. Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við að ekki er gerð nein grein fyrir þessum hljóðvistarútreikningum og forsendum þeirra í tillögu að matsáætlun.


Í umfjöllun um hljóðvist segir m.a. að samkvæmt útreikningum sé hægt með hljóðmönnum að ná hljóðstigi við hús í Leirvogstungu niður fyrir viðmiðunarmörk í öllum tilfellum. Hægt sé að mestu að ná hljóðstigi niður fyrir 55 dB(A) viðmiðunarmörk við útvegg þeirra bygginga sem standa næst Hringvegi á athafnasvæði á Tungumelum sé gert ráð fyrir hljóðmönnum.

Umhverfisstofnun hefur í umsögnum um vegaframkvæmdir og skipulag byggðar ítrekað bent á að í nýskipulögðum íbúðarhverfum skuli allt gert til að hljóðstig frá umferð fari ekki yfir 45 dB sem er leiðbeiningargildi reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða og að skilyrðislaust eigi að uppfylla viðmiðunargildi reglugerðarinnar. Stofnunin telur að þar sem um nýskipulag byggðar er að ræða eigi ekki að þurfa að grípa til mótvægisáðgerða til að uppfylla ákvæði fyrrgreindrar reglugerðar um hávaða.

Virðingarfyllst



Sigurrós Friðriksdóttir  
Fagstjóri



Guðríður Þorvarðardóttir  
deildarstjóri